

Trygðrof og eiðrof, ný trú og nýtt tímabil hefir fæðst Suðrænan er komin, og hefir lagt lönd og þjóðir í læðing. Útlit náttúrunnar er breytt, eins og stynji hún undir álögum. Hið eina er getur minnt á, að landið sé hið sama og áður var, eru haugarnir fornu, er þar höfðu verið orpnir öld eftir öld frá ómuna tíð.

Þegar svo er komið, lætur söknuðurinn fyrst til sín heyra. Harpan grætur þá fyrst „grimmu forlögin, er gengu yfir hennar ætt,“ og segir frá, hversu hinn síðasti fulltrúi hins forna siðar fluttist úr landi á fjarlægum stað, meðal fjarlæggra þjóða, og gróðursetti þar hinar fornu hugsjónir, er hann hreif frá eyðileggingunni.

Þannig er saga Heimis úr Hlymdölum. Hún er kveinstafur hverfandi frægðar, hugsjóna og lífsskoðana, er flýja urðu ætt og óðul og eftirskilja þjóðina, er þær hafði fætt, tómhjartaða og tilgangslausa í öllum andlegum skilningi. Heimir yfirgefur Hlymdali. Bergmál dalanna hans er þagnað, hlymurinn hættur. Fóstra hans er látin. Afkvæmi hennar flytur hann á friðhelgan stað, að það blómgist á ný meðal norrænna þjóða.

Það er einstaklings frelsið.

UPPRISAN.

Eftir

LEO TOLSTOY.

—
39. KAP.

DÝFLISSU-KYRKJAN. — „BLINDIR LEIÐA BLINDA.“

Guðsþjónustan byrjaði.

Hún var innifalin í þessu. Presturinn, þegar hann hafði klæðst afkáralegum og mjög óviðfeldnum flískum skornum úr gullnu klæði, tók nokkra brauðmola raðaði þeim á disk, skar þá í smábíta, tindi þá ofan í staup fyllt víni og þuldi á meðan fyrir munni sér ýms nöfn og bænir. Meðan á því stóð, las djákninn slavneskar bænir, er í sjálfu sér voru lítt skiljanlegar, en hálfu